



Valur og Víkingur unnu Bestu deildirnar 2023

Valur tryggði sér á dögnum þriðja Íslandsmeistaratitilinn í röð með sigri í Bestu deildinni 2023. Mótið var nokkuð jafnt og spennandi framan af og þá helst í baráttu Vals og Breiðabliks um efsta sæti deildarinnar í hefðbundinni deildarkeppni eða allt þar til þrjár umferðir voru eftir af deildarkeppninni en þá unnu Valsstúlkur þrjá sigra í röð á meðan Breiðablik tapaði stigum. Staðan fyrir úrslitakeppnina var sú að Valur leiddi deildina með 42 stig, Breiðablik var með 34 stig og Stjarnan var með 29 stig. Að lokinni úrslitakeppninni vann Valur Bestu deildina með 49 stig, Breiðablik hafnaði í 2 sæti með 43 stig og Þróttur varð í 3.sæti með 38 stig eða jafnmörg stig og Stjarnan sem hafnaði í 4.sæti deildarinnar á markatölu.

Kvennalið Vals lék í undankeppni meistaradeildarinnar eftir góða sigra annars vegar gegn Fomget Genclik frá Tyrklandi og hins vegar gegn Vllaznia frá Albaníu. Valsliðið tapaði viðureign sinni gegn feiknasterku liði St.Pölten frá Austurríki þar sem úrslit viðureignarinnar réðust í raun í heimaleik Vals þar sem St.Pölten sigraði 4-0. Seinni leik liðanna sem fram fór í Austurríki lauk hins vegar með góðum sigri Vals, 1-0.

Flestir áhorfendur voru á heimaleikjum Valsstúlkna sé úrslitakeppnin tekin með eða 367 áhorfendur að meðaltali á leik. Flestir áhorfendur voru á heimaleik Vals gegn Breiðablik í síðustu umferðinni eða 1.173 og er það best sótti kvennaleikur í deildakeppni í sumar.

Víkingur vann Bestu deild karla með nokkrum yfirburðum og tryggði sér þar með Íslandsmeistaratitilinn 2023 með stigameti eða 66 stigum.

Víkingur var í efsta sæti Bestu deildar allt frá fyrstu umferð eftir 2-0 sigur gegn Stjörnunni og lét það sæti ekki af hendi allt keppnistímabilið. Valur varð í 2.sæti deildarinnar með 55 stig, Stjarnan í því þriðja með 46 stig og Breiðablik í 4.sæti með 41 stig. Það verða því Víkingur, Valur, Stjarnan og Breiðablik sem verða fulltrúar okkar í Evrópukeppnunum að ári.

Breiðablik hefur þó ekki lokið keppni á þessu tímabili þar sem liðið tekur þátt í riðlakeppni Sambandsdeildar Evrópu og hefur þegar leikið 2 leiki. Breiðablik tapaði gegn Maccabi Tel Aviv í fyrstu umferðinni á útivelli 2-3 og tapaði jafnframt gegn Zorya Luhansk 0-1 á Laugardalsvelli í 2.umferðinni. Næsti leikur Blika í Sambandsdeildinni er gegn Gent þann 26.október.

Flestir áhorfendur voru á heimaleikjum Víkings sé úrslitakeppnin tekin með eða 1.164 áhorfendur að meðaltali á leik en best sótti leikur tímabilsins var hins vegar leikur ÍBV og Stjörnunnar á Þjóðhátíð en 2.302 áhorfendur sáu þann leik.

Úr Bestu deild kvenna féllu svo lið Selfoss og ÍBV og í þeirra stað koma upp bikarmeistarar Víkings og Fylkir. Úr Bestu deild karla féllu ÍBV og Keflavík og það verða ÍA og Vestri sem taka sæti þeirra í deildinni að ári.



Viðhorfskönnun Gallup og ÍTF um íslenskan fótbolta

Eins og áður hefur komið fram gengu ÍTF og Gallup til samstarfs um að kanna almennt viðhorf til íslenskrar knattspyrnu og áhuga á deildakeppninni. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 22. september – 2. október s.l. og var úrtakið 1.696 manns af öllu landinu þar sem þátttökuhlutfallið var 50,1% eða 849 manns.

Spurt var um ýmislegt sem tengist áhuga á Bestu deildunum og Lengjudeildunum, hversu oft fólk færi á völlinn, hversu mikið fólk fylgdist með deildunum, hvaða atriði það væru sem réðu því helst að fólk færi á völlinn o.s.frv.

Margar athyglisverðar niðurstöður er að finna í skýrslu Gallup um könnunina og verða þær niðurstöðu kynntar aðildarfélögunum á næstu vikum.

Meðal þess sem fram kemur er að 47,2% aðspurðra í könnuninni hafa mjög mikinn eða nokkuð mikinn áhuga á fótbolta en 52,8% hafa lítinn eða engan áhuga á fótbolta. Mestur er áhuginn í aldurshópnum 55 ára og eldri hjá körlum en riflega 67% karla eldri en 55 ára hafa mjög mikinn eða nokkuð mikinn áhuga á fótbolta.

Af þeim sem hafa fylgst með fótbolta á undanförunum 12 mánuðum hafa 77% horft á fótboltaleik í sjónvarpi en athygli vekur að aðeins 14,1% af þeim sem fylgjast með hafa hlustað á hlaðvarp um fótbolta á undanförunum 12 mánuðum.

Hjá þeim sem eiga sér uppáhaldslið á Íslandi er KR vinsælast en 9,6% sögðu Vesturbæjarstórveldið vera í uppáhaldi en næst komu Breiðablik með 8,7% og Valur með 7,5%.

42,3% aðspurðra sögðust fylgjast mikið eða nokkuð með Bestu deild karla, 27,9% sögðust fylgjast lítið með og 29,8% sögðust ekkert fylgjast með deildinni.

35,8% aðspurðra sögðust fylgjast mikið eða nokkuð með Bestu deild kvenna, 32,3% sögðust fylgjast lítið með og 31,9% sögðust ekkert fylgjast með deildinni.

51,6% aðspurðra sögðust hins vegar fylgjast mikið eða nokkuð með ensku úrvalsdeildinni í fótbolta, 20,3% sögðust lítið fylgjast með og 28,1% sögðust ekkert fylgjast með ensku deildinni. Það eru því meira umtalsvert fleiri sem fylgjast eitthvað með ensku úrvalsdeildinni heldur en Bestu deildum karla eða kvenna.

75% þeirra sem áhuga hafa á fótbolta og hafa fylgst með töldu auðvelt og þægilegt að kaupa miða á leikina.

39,1% töldu úrval og gæði veitinga vera gott en 20,8% töldu úrval og gæði veitinga á völlum vera slæmt.

58,3% þeirra sem farið hafa á völlinn á undanförunum 12 mánuðum töldu stemmingu og upplifun á völlum vera góða, aðeins 7,6% töldu hana vera slæma en í sama hópi telja 36,6% aðstöðuna á völlum vera slæma.

Fjöl margar aðrar athyglisverðar upplýsingar koma fram í skýrslu Gallup og mjög mikilvægt að ÍTF og félögin nýti sér þær upplýsingar til að bæta úr þar sem þess er þörf og vinni í sameiningu að því að auka áhugann á deildunum á Íslandi. Könnunin er mikilvægt tæki til þess að gera samanburð á milli ára næstu árin og vissulega eru þar upplýsingar sem knattspyrnuforystan í landinu getur nýtt sér til lengri tíma.





Vel heppnaður úrslitaleikur í umspili Lengjudeildar

Úrslitaleikur í umspili Lengjudeildar karla fór fram á Laugardalsvelli laugardaginn 30.september s.l. en í fyrsta skipti var leikið eftir nýju fyrirkomulagi í Lengjudeildinni þar sem aðeins efsta lið deildarinnar fór beint upp í Bestu deildina en liðin í 2-5 sæti léku til úrslita um hitt sætið sem gaf þátttökurétt í Bestu deildinni að ári.

Leiknir og Afturelding áttust við í annarri undanúrslita viðureigninni og Vestri og Fjölnir í hinni en svo fór að Afturelding og Vestri léku til úrslita um sætið í Bestu deildinni. Öll framkvæmd leiksins tókst með miklum ágætum þar sem 2.919 áhorfendur mættu á Laugardalsvöllinn. Sýn framleiddi leikinn fyrir sjónvarp og var með beina útsendingu frá leiknum auk þess að vera með efnismikla upphitun fyrir leik og gera svo leiknum góð skil með sérfræðingum eftir leik.

Vestri fór með sigur af hólmi í úrslitaleiknum og leikur því í Bestu deild karla á næsta keppnistímabili.



Vestramenn fagna sætinu í Bestu deildinni


FRAMLÖG RÍKISINS Í LAUNASJÓÐI LISTAMANNA OG HEIÐURSLAUN Í SAMANBURÐI VIÐ FRAMLÖG TIL ÍPRÓTTAMÁLA Í HEILD 2021



Úr skýrslu ÍTF um framlög ríkisins til íþróttamála

Í skýrslu ÍTF um framlög ríkisins til íþróttamála undanfarin ár má taka saman nokkur atriði sem blasa við þegar farið er yfir bæði stefnu ríkisvaldsins og svo þau fjárframlög sem íþróttafélögin fá til að framfylgja þeirri stefnu.

- Stefna ríkisins í íþróttamálum setur auknar kröfur á minnstu einingarnar, þ.e. íþróttafélögin, en fjárveitingar rata að langmestu leyti til ÍSÍ, UMFÍ og sérsambanda.
- Þau fjárframlög sem ætluð eru til að standa undir sérstökum verkefnum allra íþróttafélaga á Íslandi, til útbreiðslu og fræðslu, rannsókna og annara verkefna, nema á bilinu 15-25 milljónum króna á ári í formi Íþróttasjóðs.
- Fjárhagslegur stuðningur ríkisins til afreksstarfs ratar ekki til þeirra eininga sem ala upp afreksfólk í íþróttum með tilheyrandi kostnaði.
- Afrekssjóður alls íþróttafólks og allra íþróttagreina nýtur framlags ríkis sem er um 40% af framlagi ríkis til launasjóðs listamanna og heiðurslauna listamanna.
- Mikilvægur og stór hluti fjárstuðnings íþróttu frá sveitarfélögum er í formi aðstöðu sem nýtist fjölmörgum öðrum en skipulögðu starfi íþróttafélaganna. Samfélagslegar kröfur á íþróttafélög hafa aukist verulega, kröfur sem erfitt er að standa undir nema til komi fjárstuðningur ríkisvaldsins.
- Meðalframlög ríkis til íþróttamála á 10 ára tímabili er með því lægsta í Evrópu.
- Stór hluti þjóðarinnar kemur að íþróttum með einum eða öðrum hætti með tilheyrandi þjónustubörf og vörusölu.
- Áhugi Íslendinga á íþróttum er einn sá mesti í Evrópu og hlutfall vinnandi fólks í íþróttum eitt það hæsta hér á landi þrátt fyrir að mikill hluti sé unninn í sjálfboðavinnu.



Álögur á aðildarfélög KSÍ þrefaldast frá 2019 – framlög lækka verulega


Frá árinu 2017 hafa bein framlög KSÍ til aðildarfélaga eins og þau eru færð í ársreikningum ár hvert lækkað úr ríflega 170 milljónum króna að núvirði í ríflega 120 milljónir skv. fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 eða um 50 milljónir króna að núvirði. Árið 2017 voru framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ, sem ætlað er að veita framlög í aðstöðu og mannvirki aðildarfélaga, um 70 milljónir króna að núvirði en eru nú 30 milljónir króna skv. fjárhagsáætlun ársins 2023. Þessir tveir liðir hafa því lækkað um 90 milljónir króna að núvirði á þessum 6 árum eins og sjá má á myndinni hér að ofan.

Ekki liggur fyrir sundurliðun í ársreikningum um mótatekjur KSÍ frá árinu 2017 en árið 2019 koma fram mótatekjur í ársreikningi og eru þær 21,7 milljón á því ári skv. ársreikningi. Mótatekjur árið 2023 eru áætlaðar 71,6 milljónir króna og er því 50 milljón króna hækkun á þeim tekjum frá árinu 2019 en þessar tekjur sem KSÍ fær í sinn hlut bera aðildarfélögin í formi alls kyns gjalda, þátttökugjalda, sekta og fleiri liða sem eru beinlínis tekjustofn fyrir sambandið.

Á aðeins örfáum árum hafa því framlög til aðildarfélaga frá KSÍ því augljóslega lækkað um 90 milljónir á sama tíma og álögur á félögin hafa hækkað um 50 milljónir, samtals er því viðsnúningurinn 140 milljónir króna sem bætist við í rekstur félaganna á stuttum tíma.


Í stefnumótun KSÍ fyrir árin 2018 – 2022 er eitt af helstu markmiðum sambandsins að halda jákvæðri afkomu og „góðum“ framlögum til aðildarfélaga. Tap var á rekstrinum árin 2019 og 2021 og aðeins óvænt Covid framlag og uppgjör á sjónvarpsréttartekjum landsliða síðustu fjögurra ára komu í veg fyrir tap á rekstrinum 2022. Þrátt fyrir verulega tekjuaukningu annars staðar frá, auknar álögur og lækkandi framlög til aðildarfélaganna hefur illa tekist á ná því markmiði að halda jákvæðri afkomu.

Það eru ýmsar athyglisverðar tölur að finna í ársreikningum og mikilvægt að aðildarfélög fylgist vel með því hver þróunin er. Undir mótakostnað heyrir t.d. dómarakostnaður, (laun, ferðakostnaður o.fl.) sem er langstærsti hluti þessa liðar í ársreikningi. Það vekur þó sérstaka athygli að markaðs- og auglýsingakostnaður undir þessum lið, þ.e. mótakostnaði, hefur hækkað úr ríflega 160 þúsund krónum að núvirði árið 2017 í áætlaðar tæpar 20 milljónir króna árið 2023. Skýringin liggur í því að ýmsar auglýsingar og markaðsverkefni, samfélagsverkefni, eru færð undir mótakostnað þrátt fyrir að KSÍ markaðssetji hvorki Bestu deildirnar né Lengjudeildirnar.





Áhorfendafjöldi á Bestu deild karla 2022 og 2023



8% fjölgun áhorfenda á Bestu deild karla

Líkt og áður hefur komið fram liggur fyrir að áhorfendafjöldi á leikina fyrir úrslitakeppni Bestu deildar karla jókst um tæp 4% á milli árána 2022 og 2023. Samtals mættu 112.691 á alla leikina 132 eða 854 að meðaltali á leik en árið 2022 var áhorfendafjöldinn 108.868 eða 825 áhorfendur að meðaltali á leik. Flestir áhorfendur voru á leik ÍBV og Stjörnnunar á Þjóðhátíð í Eyjum eða 2.302 en fæstir voru á leik ÍBV og FH eða 200 talsins.

Umtalsverð fjölgun var svo á áhorfendum bæði í efri hluta og neðri hluta deildarinnar í úrslitakeppninni miðað við árið 2022.

Í efri hluta deildarinnar mættu samtals 13.316 áhorfendur á leikina 15 eða 888 áhorfendur að meðaltali á leik. Er það mikil fjölgun frá því árið 2022 þegar samtals mættu 10.677 áhorfendur á leikina eða 711 að meðaltali á leik. Fjölgunin í efri hlutanum er því um 25% á milli tímabili sem verður að teljast afar jákvætt fyrir deildina.

Í neðri hluta deildarinnar mættu samtals 8.562 áhorfendur eða 571 áhorfendur að meðaltali á leik í úrslitakeppninni og er það einnig töluverð fjölgun frá því árið 2022 þegar 5.487 áhorfendur mættu á leikina eða að meðaltali 365 áhorfendur á hvern leik í úrslitakeppni neðri hluta. Aukningin í neðri hlutanum er því um 56% sem einnig eru mjög jákvæðar fréttir fyrir deildina.

Samanlagt var því áhorfendafjöldi á Bestu deild karla á þessu keppnistímabili 134.569 á leikina 162 sem leiknir voru í deildinni, eða 831 áhorfendur að meðaltali á leik.

Áhorfendum í heild fjölga því um ríflega 9.500 manns á milli ára eða um tæp 8% og er það í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið um fjölgun áhorfenda á milli ára næstu 4 árin.

Fræðsluferð til Danmerkur og Svíþjóðar


Dagana 5. – 9.nóvember n.k. er fyrirhuguð fræðsluferð á vegum ÍTF til Danmerkur og Svíþjóðar en ferðin er ætluð framkvæmda -og markaðsstjórum aðildarfélaganna ÍTF. Tuttugu fulltrúar frá 14 félögum eru skráðir til þátttöku í ferðinni en auk þeirra eru framkvæmdastjóri og markaðsstjóri ÍTF með í för.

Tilgangurinn með þessari fræðsluferð er að kynna þvi hvernig félög á þessum slóðum hafa aukið áhuga áhorfenda, hvað þau eru að gera til þess að bæta upplifun á leikdegi, hvernig félögin eru að ná betur til stuðningsmanna og margt fleira sem gagnlegt getur reynst okkar félögum.

Heimsótt verða nokkur félög, s.s. Brøndby, Malmö og íslendingaliðið Lyngby auk þess sem dönsku deildasamtökin verða heimsótt og farið verður á leiki í dönsku deildinni.

Áhugi á Superliga hefur aldrei verið meiri og í fyrstu 11 umferðunum hefur verið slegið áhorfendamet í deildinni og því rétt að íslensk lið kynni sér hvort við getum fræðst um einhverja þá hluti sem þar eru að gerast.





Aldrei fleiri áhorfendur á efstu deild kvenna

Aldrei hafa fleiri áhorfendur mætt á leiki í efstu deild kvenna en á nýloknu keppnistímabili. Leikir eru vissulega fleiri en áður með nýju fyrirkomulagi úrslitakeppinnar en meðalfjöldi áhorfenda á hvern leik er sá sami og var árið 2019 þegar meðaláhorfið var mest. Á nýliðnu keppnistímabili voru leiknir 111 leikir í Bestu deild kvenna, 90 leikir í hefðbundinni deildarkeppni og svo 21 leikur í úrslitakeppni efri og neðri hluta. Samtals mættu 23.378 áhorfendur á leikina eða 211 að meðaltali á leik en fyrra áhorfendamet var árið 2019 þegar 19.018 áhorfendur mættu á leikina 90 sem þá voru leiknir í efstu deild eða 211 áhorfendur að meðaltali á leik, sami meðalfjöldi og nú.

Áhorfendafjöldinn á keppnistímabilinu 2022 var 17.316 í 90 leikjum eða 192 áhorfendur að meðaltali á leik. Fjölgunin á milli ára er því um 10% að meðaltali á hvern leik sem er afar jákvæð þróun sem vonandi verður framhald á.

Í hefðbundinni deildarkeppni í ár mættu 18.747 áhorfendur sem er fjölgun um 8% miðað við sama leikjafjölda og á keppnistímabilinu 2022. Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á áhorfendafjölda í efstu deild frá árinu 2016.

Skýrsla FIFA um knattspyrnu kvenna – útgáfa 2023

Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, tekur saman alls kyns tölfræði og fjárhagsupplýsingar úr helstu deildum knattspyrnu kvenna í heiminum ár hvert og gefur út í skýrslu þar sem afar áhugaverðar upplýsingar koma fram. Nú nýverið kom út þriðja útgáfa af þessari skýrslu og má finna hana í heild sinni hér [FIFA-Women-s-Benchmarking-Report-2023.pdf](#)

Deildir frá 34 löndum taka þátt í þessari upplýsingasöfnun og er Besta deild kvenna þar á meðal. 12. október var haldinn kynningarfundur um skýrsluna á vegum FIFA og var Birgir Jóhannsson framkvæmdastjóri ÍTF einn fulltrúi frá Íslandi á fundinum sem haldinn var á TEAMS.

Afar áhugaverðar upplýsingar koma fram í þessari samantekt en helst er það að gerast að knattspyrna kvenna er að vaxa víðast hvar mjög hratt í öllum skilningi, þ.e. áhugi áhorfenda er að aukast, áhugi samstarfsaðila sömuleiðis og fjárhagslega eru deildirnar að vaxa. Enn eru þó 65% deildanna reknar með tapi og aðeins ein deild rekin með hagnaði, aðrar eru reknar nálægt núlli en þetta hlutfall hefur verið að breytast til hins betra undanfarin ár og reiknað með að svo verði áfram.

Ísland er eitt fárra landa í þessum hópi þar sem öll liðin í deildinni hafa karlkyns aðalþjálfara (tímabilið 2021/2022), þ.e. enginn kvenmaður er aðalþjálfari liðsins. Ísland er þar í hópi með Noregi, Danmörku, Kosta Ríka og Tansaníu. Kvenþjálfarar eru í öllum öðrum deildum sem samanburður var gerður á.

Fjöldi liða í þessum deildum eru að meðaltali 13 í deild á meðan það eru 10 lið í deildinni hér. Fleiri leikir eru því að jafnaði í hverri deild heldur en eru leiknir í Bestu deildinni en hér eru spilaðir 111 leikir í deildinni en að jafnaði eru leiknir 154 leikir í deildunum sem gerður var samanburður á.

Áhorfendafjöldi í umræddum deildum jókst að jafnaði um 12% frá síðustu raunhæfu mælingu og er því verðugt verkefni fyrir Bestu deildina að halda í við þá fjölgun sem var á milli tímabilana 2022 og 2023.

ÍTF hefur þegar sett sig í samband við fagstjóra kvenknattspyrnu hjá FIFA og óskað eftir kynningarfundum með aðildarfélögum. Þegar hefur fengist jákvætt svar og verður dagsetning þess kynningarfundar kynnt þegar hún liggur fyrir.

